

Reykjavík, 12. nóvember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (sýklalyfjanotkun)

Lagt er til í umræddu frumvarpi að bæta eftirtalinni málsgrein undir 15. gr. laganna:

“Fyrirtæki sem hafa með höndum smásölu matvæla skulu tryggja með merkingum í sölurýmum að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um upprunaland matvælna og meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í viðkomandi landi. Matvælastofnun skal gefa út árlegar leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um sýklalyfjanotkun við framleiðslu matvæla.”

Dýralæknafélag Íslands telur sjálfsagt að neytendum verði gert kleift að taka upplýstar ákvarðanir við matarinnkaup, og fái þær upplýsingar sem eru réttar og áreiðanlegar. Upplýsingar um upprunaland ættu að vera sjálfsögð krafa, en öðru máli gegnir um meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu allra matvæla í viðkomandi landi. Smásölufyrirtæki matvæla (þar með talinna bæði kornmetis, grænmetis og ávaxta, kjötmetis o.s.frv.) yrðu með þessu skyldug til þess að veita upplýsingar um söluvörur sínar sem þeim er jafnvel ómögulegt að fá gefnar upp. Verði yfir höfuð gerlegt að fá upplýsingar um meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla (pr. tonn? pr. höfðatölu?), myndi sú tala gefa mjög einfaldaða mynd af heildarframleiðslu matvæla í viðkomandi landi, en hvorki nákvæmar upplýsingar um framleiðslu vörunnar sem um ræðir né um starfshætti hvers framleiðanda fyrir sig. Að lokum má benda á að afar erfitt verður að fylgja slíkum kröfum eftir og hætt við því að slíkar upplýsingar gætu í einhverjum tilfellum veitt neytendum falskt öryggi.

Virðingarfyllst



Charlotta Oddsdóttir, formaður DÍ